

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999. Lög nr. 40/1998, um breyting á lögum nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., tóku gildi 1. ágúst 1998. Menntamálaráðherra skipaði í örnefnanefnd frá sama tíma til 31. júlí 2002.

Örnefnanefnd var þannig skipuð til 31. júlí:

Ari Páll Kristinsson formaður.

Varamaður hans og varaformaður nefndarinnar: Stefán Karlsson.

Jónas Jónsson, tilnefndur af umhverfisstjórnuneyti.

Varamaður: Hrafn Hallgrímsson.

Svavar Sigmundsson, tilnefndur af stjórn Örnefnastofnunar Íslands.

Varamaður: Gunnlaugur Ingólfsson.

Áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar með tillögurétti og málfrelsi:

Þórhallur Vilmundarson. Til vara: Guðrún Kvaran.

Menntamálaráðherra skipaði nýja örnefnanefnd frá 1. ágúst 2002 til 31. júlí 2006.

Örnefnanefnd var þannig skipuð frá 1. ágúst:

Ari Páll Kristinsson formaður.

Varamaður hans og varaformaður nefndarinnar: Skúli Björn Gunnarsson.

Jónas Jónsson, tilnefndur af umhverfisstjórnuneyti.

Varamaður: Hrafn Hallgrímsson.

Svavar Sigmundsson, tilnefndur af stjórn Örnefnastofnunar Íslands.

Varamaður: Gunnlaugur Ingólfsson.

Áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar með tillögurétti og málfrelsi:

Guðrún Kvaran. Til vara: Þóra Björk Hjartardóttir.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum Örnefnastofnunar Íslands.

Verkefni

Verkefni örnefnanefndar eru skv. lögum og reglugerð þessi:

1. að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
2. að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra;
3. að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
4. að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni og því hafi verið skotið til nefndarinnar;
5. að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
6. að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kaптúni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
7. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess.

Heimasíða

Á heimasíðu örnefnanefndar (www.ismal.hi.is/ornefnanefnd.html) má finna lög og reglugerð um störf nefndarinnar, meginsjónarmið örnefnanefndar um nöfn sveitarfélaga, leiðbeiningar og eyðublöð fyrir tilkynningu um nafn býlis og beiðni um breytingu á nafni býlis, ársskýrslur, nöfn nefndarmanna og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998.

Fundir og afgreiðsla erinda

Haldnir voru 9 fundir í örnefnanefnd árið 2002.

Nöfn býla

Örnefnanefnd bærust á árinu formlegar tilkynningar um nöfn 15 nýbýla. Eftir umfjöllun í nefndinni voru 11 ný nöfn samþykkt og send þinglýsingarstjórum, einu erindi var vísað frá en í þremur tilvikum var í árslok enn beðið frekari gagna frá eigendum svo að unnt yrði að afgreiða erindin.

Örnefnanefnd fékk á árinu 7 erindi um nafnbreytingar á býlum. Einni nafnbreytingu var hafnað. Í tveimur tilvikum var í árslok enn beðið frekari gagna frá eigendum svo að unnt yrði að taka afstöðu til beiðnanna. Fallist var á 4 nafnbreytingar. Einni þeirra hafði nefndin raunar hafnað 2001 með þeim rökum að nöfn tveggja aðliggjandi jarða hafa að meginnafnlið það heiti sem umsækjandi óskaði eftir. Umsækjandi kærði niðurstöðuna í ársbyrjun 2002 til menntamálaráðuneytis og sendi með kærinni ný gögn sem ekki fylgdu upphaflegri beiðni hans til örnefnanefndar. Þar á meðal voru yfirlýsingar eigenda nágrannajarðanna, dagsettar í janúar 2002, þar sem þeir mæla með því að orðið verði við beiðninni. Menntamálaráðuneytið óskaði eftir umsögn og afstöðu örnefnanefndar til kærunnar. Örnefnanefnd ákvað með vísan til 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um endurupptöku máls, að taka málið upp að nýju í ljósi hinna nýju gagna. Fallist var á erindið í ljósi fyrrnefndra yfirlýsinga frá eigendum nágrannabýlanna enda hafði nefndin tekið fram í svari sínu við upphaflegu erindi 2001 að hafa yrði hliðsjón af stöðu þeirra jarða við afgreiðslu málsins.

Einnig veitti örnefnanefnd tvisvar á árinu umsögn vegna umsóknar til þinglýsingarstjóra um leiðréttingu á skráningu býlis.

Eftirtalin nöfn á býlum voru tekin upp árið 2002:

Árgerði. Úr landi Árbæjarhjáleigu I í Holta- og Landsveit / Rangárþingi ytra.
 Berghóll. Úr landi Bergstaða í Biskupstungnahr./Bláskógabyggð. (Síðar Skógarberg.)
 Dagmálaborg. Úr landi Skútustaða í Skútustaðahreppi.
 Grænhólar. Úr landi Fljótshóla II og III í Gaulverjabæjarhreppi.
 Gýgjarhólskot III. Úr landi Gýgjarhólskots II í Biskupstungnahreppi/Bláskógabyggð.
 Hraunbrún. Úr landi Grásíðu í Kelduneshreppi.
 Lerkihlíð. Nafnbreyting. Áður Grýtubakki III, í Grýtubakkahreppi.
 Mælifellsá. Nafnbreyting. Áður Syðri-Mælifellsá II, í Sveitarfélaginu Skagafirði.
 Péturshólmi. Úr landi Búlands í Austur-Landeyjahreppi / Rangárþingi eystra.
 Reykhóll. Nafnbreyting. Áður Reykir II, í Skeiðahreppi / Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
 Rjóður. Úr landi Köldukinnar í Holta- og Landsveit / Rangárþingi ytra.
 Skógarberg. Nafnbreyting. Áður (2002) Berghóll, í Biskupstungnahr./Bláskógabyggð.
 Suðurgafli. Úr landi Haukadals II í Biskupstungnahreppi/Bláskógabyggð.
 Svangrund. Úr landi Sölvabakka í Engihlíðahreppi/Blönduóssbæ.
 Þjóðólshagi III. Úr landi Þjóðólshaga I í Holta- og Landsveit / Rangárþingi ytra.

Nafnsetningar á landakortum

Örnefnanefnd veitti á árinu eina umsögn um staðsetningu örnefnis á landabréfi.

Nöfn sveitarfélaga

Örnefnanefnd veitti á árinu umsagnir um nöfn 9 nýrra sveitarfélaga í tengslum við sameiningu sveitarfélaga. Árið á undan var óskað einnar slíkrar umsagnar en hafa verður í huga að árið 2002 voru sveitarstjórnarkosningar og þeim fylgdu ákvarðanir um sameiningu sveitarfélaga og skoðanakannanir um nöfn hinna nýju sveitarfélaga.

Lyngási 7, Garðabæ
21. janúar 2003

ÖRNEFNANEFND
Ari Páll Kristinsson
formaður